

Fundargerð

Skólanefnd.

18. fundur

Skólanefndarfundur haldinn í Reykjahlíðarskóla 22. september 2009 kl. 16:30.

Mætt voru Hrafnhildur Geirsdóttir, Steinunn Ósk Stefánsdóttir, Jóhann Böðvarsson, Ásdís Jóhannesdóttir, Þórhalla Valgeirsdóttir, Auður Jónsdóttir og Sólveig Jónsdóttir skólastjóri.

1. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Skólastarf næsta skólaárs.

Sólveig sagði frá breytingu á fyrirkomulagi á valfögum nemenda í 8. – 10. bekk, þar sem tónlistarnám, tómstundir og íþróttastarf barna verði metið til náms.

Sjálfsmatsúttekt skólans verður núna á haustdögum. Sjálfsmatsskýrsla er komin inn á heimasíðu skólans. Háskólinn á Akureyri mun sjá um úttektina fyrir Menntamálaráðuneytið.

Skólanámsskrá er í endurskoðun og verður sett á netið innan tíðar.

Viðbragsáætlun vegna heimsfaraldurs á influensu hefur verið gerð fyrir skólann.

Skólinn mun halda áfram í Olweus gegn einelti og Grænfánaverkefni.

Danskennslan verður um miðjan október.

Keyptar voru 13 fartölvur fyrir skólann sem munu nýtast vel við kennslu.

Sett var upp þjófavarnarkerfi í skólahúsnaðinu fyrir í haust.

3. Önnur mál.

Steinunn Ósk sagði af sér sem ritari skólanefndar og mun Ásdís Erla taka við á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 17:45
Hrafnhildur Geirsdóttir
Ásdís Erla Jóhannesdóttir
Steinunn Ósk Stefánsdóttir.
Jóhann Böðvarsson
Þórhalla Valgeirsdóttir.